


Keiluskurður í svæfingu



Keiluskurður er gerður til að fjarlægja frumubreytingar sem greinst hafa í leghálsi. Frumubreytingar sem greinast við reglubundna krabbameinsskoðun eða eftir legháls-speglun geta þróast í krabbamein á mörgum árum. Þess vegna eru þær fjarlægðar. Aðgerðin er gerð í stuttri svæfingu á skurðstofu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurð-aðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef frekari rannsókna eða upplýsinga er þörf er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina. Gott er að hafa lyfjalista tiltækan, því í símtalinu þarf að fá upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óæskilegt að taka fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefni.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Svæfingalæknir ákveður hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkuríkir drykkir og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

Fyrir komu á deild þarf að vera búíð að:

- Fasta á mat frá kl: 02:00. Drekka má tæran drykk til kl: 06:00
- Fara í sturtu heima, þurrka sér með hreinu handklæði. Ekki má nota húðkrem, ilmefni eða andlitsfarða
- Fjarlægja skartgrip og naglalakk
- Klæðast hreinum fötum

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Aðgerðardagur

Mæting er á kvenlækningadeild 21A á 1. hæð kvennadeildarhúss Landspítala við Hringbraut kl. 07:15. Starfsmaður vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu. Mikilvægt er að hafa meðferðis öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin tekur um 15-20 mínútur.

Sjúklingar, aðstandendur og gestir á Landspítala geta fengið ókeypis aðgang að þráðlausu netsambandi fyrir eigin fartölvur, spjaldtölvur eða snjallsíma.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknun í um klukkustund þar sem fylgst er náið með líðan þinni og þaðan ferðu aftur á kvenlækningadeild 21A.

Verkir

Flestir finna fyrir litlum sem engum verkjum eftir aðgerðina. Við mat á verkjum er notaður verkjakvarði þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við. Markmiðið er að vera vel verkjastíllt, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir			Gríðarlegir verkir

Næring

Borða má strax eftir aðgerð. Ef ber á ógleði eftir svæfinguna eru gefin lyf við henni eftir þörfum.

Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Hreyfing

Fara má fram úr rúmi þegar sjúklingur treystir sér til en mikilvægt er að hafa einhvern hjá sér í fyrsta skipti vegna hættu á svima. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.

Útskrift

Útskrift er samdægurs. Fyrir heimferð veitir hjúkrunarfræðingur útskriftarfræðslu.

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf

Ef þörf er á er mælt með paracetamol og ibuprofen til verkjastillingar fyrir þá sem það þola. Hámarksskammtur af paracetamol er 1 g fjórum sinnum á sólarhring og ibuprofen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðing

Eðlilegt er að það geti blætt frá leggöngum 1-3 vikur eftir aðgerðina. Blæðing á að vera minni en venjuleg tíðablæðing. Eftir 8-12 daga getur blæðingin aukist tímabundið og verið ferskari. Einnig getur borið á illa lyktandi útferð á sama tíma. Aðgerðin breytir ekki tíðahringnum þannig að tíðablæðing hefist á réttum tíma.

Skurðsár og sýkingarhætta

Til að sárið grói sem best og sýkingarhætta minnki má ekki næstu 4-5 vikurnar:

- Hafa samfarir
- Nota tíðatappa eða álfabikar
- Fara í baðkar, sund eða heita potta

Hreyfing og vinna

Eftir aðgerð er ekki nauðsynlegt að hvíla sig sérstaklega. Flestir geta mætt í vinnu eða skóla daginn eftir aðgerð. Ef unnin er líkamlega þung vinna er mælt með að vera heima í 2-7 daga. Erfið líkamsrækt getur aukið blæðingu innan tveggja vikna frá aðgerð.

Vegna hættu á blæðingu er ekki ráðlagt að ferðast erlendis fyrstu þrjár vikurnar en óhætt er að fljúga innanlands daginn eftir aðgerð.

Frjósemi

Aðgerðin hefur ekki áhrif á frjósemi en getur aukið lítillega hættu á fyrirburafæðingum og fósturmissi. Ekki er mælt með þungun fyrstu þrjá mánuðina eftir aðgerð.

Bólusetning fyrir leghálskrabbameini

Veittar eru upplýsingar um bólusetningu fyrir leghálskrabbameini (HPV bólusetningu). Bólusetning getur hjá sumum einstaklingum dregið úr líkum á endurkomu á frumu-breytingum. Læknir útbýr lyfseðil fyrir bóluefninu (Gardasil 9) og þú bókar tíma hjá hjúkrunarfræðingi á heilsugæslu til að fá bólusetninguna. Fyrir heimsókn á heilsugæslu þarf að sækja lyfið í apótek og hafa það meðferðis. Gefnir eru þrjár skammtar á sex mánaða tímabili.

Kostnaður við bólusetninguna er ekki niðurgreiddur og þurfa einstaklingar að standa straum að kostnaði sjálfir.

Reykingar

Reykingar auka líkur á því að frumubreytingar komi aftur eftir aðgerðina. Með því að hætta reykingum er hægt að minnka líkur á viðvarandi frumubreytingum.

Eftirlit eftir aðgerð

- Skilaboð eru send í Heilsuveru með niðurstöðum vefjagreiningar innan þriggja vikna frá aðgerð.
- Ekki er þörf á endurkomu eftir aðgerð en það er mikilvægt að fara áfram reglulega í leghálskrabbameinseftirlit. Allt að 30% kvenna eru með viðvarandi forstigsbreytingar þrátt fyrir keiluskurð og því er eftirlit mjög mikilvægt.

Hafa þarf samband við móttöku kvenlækningadeildar ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærileg) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Hiti er yfir 38,0°C.
- Illa lyktandi útfærð í meira en 12 daga.
- Miklir verkir eru í kvið sem verkjalyf slá ekki á.

Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt bráðaþjónustu kvennadeildar. Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við 112.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 08:00-15:45 543 3224

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
JANÚAR 2025
FRÆ-0248
ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI KVENLÆKNINGADEILDAR

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA